

SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

**VIRÐING – HLÝJA – TRAUST**

# Skólanámskrá Álfheima

---



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur .....	2
1. Leikskólinn Álfheimar .....	3
1.1. Hugmyndafræði og uppeldisleg sýn í Álfheimum .....	4
2. Leikur og leikskólastarf.....	5
2.1. Leiðarljós leikskóla .....	6
2.2. Leikur og nám .....	7
2.3. Daglegt líf í leikskóla .....	8
2.4. Námsumhverfið.....	10
2.5. Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi.....	10
3. Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	11
3.1 Læsi og samskipti .....	11
3.2 Heilbrigði og vellíðan.....	12
3.4. Sköpun og menning.....	14
4. Mat á námi og velferð barna .....	15
5. Fjölskyldan og leikskólinn .....	16
6. Tengsl skólastiga.....	16
7. Mat á leikskólastarfi .....	17
8. Stoðþjónusta .....	18
9. Hagnýtar upplýsingar .....	18
10. Starfsskýrsla.....	19
11. Heimildaskrá.....	20

## Inngangur



Álfheimar, nóvember 2022

Í Aðalnámskrá leikskóla sem kom út 2011 segir að henni sé ætlað að vera leiðbeining fyrir sveitarfélög við mótun stefnu um skólalald. Leikskólar geta farið fjölbreyttar leiðir að sama marki með hliðsjón af hugmyndafræði leikskólans og aðstæðum á hverjum stað. Hver leikskóli mótar sínar starfsaðferðir og setur þær fram í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans.

Í aðalnámskrám eru skilgreindir sex grunnþættir í menntun sem eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru. Einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa. Þeim er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi. Grunnþættir í menntun eru: Læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru skilgreindir í sameiginlegum inngangskafli í aðalnámskrá **leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla**.

Ný og endurbætt skólanámskrá leikskólans Álfheima lítur nú dagsins ljós en hún kom fyrst út 2001 og hefur frá þeim tíma verið í stöðugri þróun. Þegar ný aðalnámskrá leikskóla kom út í febrúar 2011 hófst fljótlega vinna að nýrri skólanámskrá Álfheima. Skipaður var starfshópur sem hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og skipulagði vinnu við nýja skólanámskrá. Unnið var í hópum á starfsdögum og starfsmannafundum og leitast við að allt starfsfólk fengi tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum um innihald námskrárinnar á framfæri. Foreldrafundir voru haldnir þar sem foreldrar komu með sín sjónarmið og áherslur og er sérstaklega minnisstæður fundur þar sem feður voru í meirihluta. Foreldrahópur úr röðum foreldra í Álfheimum var síðan beðinn um yfirlestur og athugasemdir sem þeir vildu koma á framfæri.

Skólanámskrá á að vera í stöðugri þróun og er námskrá Álfheima byggð á 32 ára skólaþróun. Námskráin á að vera lifandi plagg þar sem mat á starfi leikskólans er skoðað og endurmetið leikskólanum til framdráttar.

Jóhanna Þórhallsdóttir leikskólastjóri

## 1. Leikskólinn Álfheimar

Leikskólinn Álfheimar var opnaður 13. desember 1988. Leikskólinn stendur á horni Sólvalla og Reynivalla á svokölluðu Eikatúni sem kennt var við Eirík Bjarnason sem bjó á Reynivöllum 9.



Í upphafi var í leikskólanum ein leikskóladeild, skóladaðheimilisdeild og fyrstu tvö árin var 1. bekkur grunnskólans í vestur enda hússins.

Árið 1994 flytur skóladaðheimilið í Vallaskóla og við það verður leikskólinn þriggja deilda þar til í febrúar 2006 þegar 4. deildin bættist við.

Deildirnar nefnast; Álfasteinn, Dvergasteinn, Óskasteinn og Völusteinn. Í nóvember 2019 bættust við 5. og 6. deildin Huldusteinn og Mánasteinn.

### Saga umhverfisstefnu Álfheima

1998: Fyrstu skref tekin í átt að umhverfisstefnu.

2000: Leikskólinn verður græn fjölskylda í verkefninu vistvernd í verki á vegum Landverndar.

2002: Leikskóli á grænni grein.

2002-2004: Þróunarverkefni Út um mó, inn í skóg. Skógarferðir verða fastir liðir í starfi leikskólans.

2004: Leikskólinn fær fyrsta Grænfánann afhentan.

2006: Engið verður hluti af leikskólagarðinum.

2012: Þróunarverkefnið Gullin í grenndinni hefst.

2020: Friðland þar sem útikennsla fer fram verður til.

Sveitarfélagið Árborg er rekstraraðili leikskólans samkvæmt lögum um leikskóla en samkvæmt þeim bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á að starfsemi þeirra taki mið af lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla.

Á 20 ára afmæli leikskólans árið 2008 var efnt til hugmyndasamkeppni um merki leikskólans. Margar tillögur bárust en þetta merki hér til hliðar varð hlutskarpast. Höfundur þess er Birna J. Sævarsdóttir. Merkið táknað náttúru – og umhverfisstefnu Álfheima. Börnin haldast í hendur í kringum tréð sem tákn um samvinnu, traust og vináttu.



## 1.1. Hugmyndafræði og uppeldisleg sýn í Álfheimum

Hugmyndafræði og uppeldisleg sýn Álfheima er í stöðugri mótun þar sem áhersla er lögð á samskipti og vellíðan í leik og starfi auk virðingar fyrir náttúrunni.

### Markmið og leiðir

1. Að starfsfólk sýni börnunum virðingu, hlýju og ástúð í allri umgengni.
2. Að barnið fái ábyrga og faglega umönnun bæði andlega og líkamlega.
3. Í Álfheimum eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti.
4. Að uppeldisstarfið sé unnið í nánú samstarfi við foreldra.
5. Öll samskipti mótist af **virðingu, hlýju og trausti**.
6. Að börnum sé kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru landsins.

Þær kenningar sem fjalla um leik barna og samskipti manna, hafa verið starfsfólki Álfheima hugleiknar í gegnum tíðina. Boðskipta-kenning Gregory Bateson (1905-1980) bandaríks félagsmannfræðings ber þar hæst. Boðberar hennar þær Birgitta K. Olofson sænskur lektor í uppeldis- og sálarfræði, og Berit Bae doktor í uppeldisfræði við Háskólann í Osló hafa með rannsóknum sínum á leik barna komist að því, eins og Bateson, að leikurinn er fyrst og fremst boðskipti. Kenningin fjallar um það sem fram fer í samspili barna í leik, á hvaða stigi boðskiptin eru og hvaða boðskipta- eða samskiptamynstur þau endurspegla.



Áhersla er lögð á góð samskipti milli barna og fullorðinna, milli barna og barna og milli fullorðinna og fullorðinna, sem byggjast á virðingu, hlýju og trausti.

**Þróunarverkefnið "Út um mó inn í skóg"** verkefni í náttúru – og umhverfismennt með áherslu á útiveru er stór þáttur í öllu starfi Álfheima. Verkefnið var unnið í leikskólanum á árunum 2002-2004 og kom skýrsla þess út í maí 2005. Verkefnastjóri var Kristín Norðdahl lektor við Háskóla Íslands.

Þróunarverkefni **"Gullin í grenndinni"** hófst árið 2012 í samstarfið við Vallaskóla. Það ár fékk skólinn styrk frá sprotasjóði til að koma verkefninu af stað. Verkefnastjórar voru Ólafur Oddsson uppeldisráðgjafi og Anna Gína Aagestad leikskólakennari. Gullin eru nú orðinn fastur liður í starfi beggja skóla.



**Þemavinna** leikskólans tengist náttúru- og umhverfismennt og fléttast inn í öll námssvið leikskólans.

**Skógarferðir** eru einu sinni í viku. Farið er með þrjá elstu árgangana í 10 - 14 barna hópum. Markmiðið er að börnin fái tækifæri til að leika sér úti í náttúrunni og njóta hennar. Yngsti árgangurinn fer út á Engi.

**Leikskólinn Álfheimar er skóli á grænni grein** en hefur frá því í júní 2004 flaggað Grænfánanum sem er alþjóðlegt merki um gott umhverfisstarf í skólum og skipar vistvernd í verki stóran sess í starfi skólans. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Grænfáninn er afhentur til tveggja ára í senn og fékk leikskólinn hann endurnýjaðan 2006 , 2008, 2010, 2012, 2014, 2016, 2018, 2020 og 2022.



## 2. Leikur og leikskólastarf

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og leikskólaaldurinn er mikilvægur tími fyrir nám og þroska barna. Þegar leikskólabarnið hefur skólagöngu sína er það að stíga sín fyrstu skref í félagslegu umhverfi.

Í leikskólanum Álfheimum er lögð áhersla á að efla meðal barnanna mannkærleika, samkennd, umburðarlyndi og vináttu. Við viljum skapa gott félagslegt andrúmsloft í vel skipulögðu uppeldisumhverfi, þar sem börn og starfsfólk fái notið og þroskað eiginleika sína fordómalaust.

## 2.1. Leiðarljós leikskóla

- Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir um málefni leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.
- Leikskóli á að vera félags- og menningarlegur vettvangur þar sem þjóðararfur og gildi íslensks samfélags skipa veglegan sess.
- Leikskóli á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Starfshættir leikskóla eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.
- Leikskólastarf skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.
- Virða skal rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.
- Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.
- Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.

- Í leikskóla á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Í leikskóla á að byggja á reynsluheimi barna og skapa þeim merkingarbæra reynslu.
- Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem bjóða upp á margar lausnir og hvetja til rannsókna og ígrundunar.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.
- Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákni.
- Í leikskóla á að skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.
- Starfshættir leikskóla eiga að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.
- Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011

## 2.2. Leikur og nám

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálf-sprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).





Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og aðal kennslutækið. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Í leik felst því mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara.

Í leik lærir barn margt út frá eigin hugarheimi og upplifun. Barnið eflir félagsleg samskipti, það lærir að tjá tilfinningar sínar og þjálfar notkun tungumálsins. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök. Leikur og leikskólastarf eru tveir órjúfanlegir þættir.

Lögð er áhersla á leikinn og að börnin fái tækifæri til að yfirfæra raunverulegar aðstæður í gegnum hann. Gefinn er nægur tími til sjálfspróttinna leikja, sveigjanleiki þarf að ríkja í skipulagi svo þörfum barnanna sé fullnægt. Mikilvægur þáttur í leik og námi barna eru að aðstæður fyrir gróf og fínhyrtinga séu skapaðar jafn inni sem úti. Leikskólakennarinn tekur þátt í leikjum barnanna á þeirra forsendum og hefur ávallt jákvæðni, jafnrétti, þolinmæði, virðingu og áhuga að leiðarljósi.



Leitast er við að hafa leikfangakost fjölbreyttan og margvíslegan efnivið til skapandi starfa. Efniviður er sýnilegur í hæð barnanna og í samræmi við þroska þeirra. Umhverfið skal vera snyrtilegt og aðlaðandi með hæfilegu framboði leikefnis. Reynt er að hafa flæði milli deilda leikskólans bæði í leik og starfi.

### **2.3. Daglegt líf í leikskóla**

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námsvið leikskólans læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar sem eru læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Daglegt líf í leikskóla markast af venjubundnum athöfnum sem lúta að líkamlegum og andlegum þörfum barnanna. Á ákveðnum tímum matast börnin, þvo sér, hvíla sig og svo framvegis.



Í leikskólastarfinu þarf að ríkja jafnvægi á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, einstaklingsverkefna og félagslegra samskipta og milli hvíldar og virkrar þátttöku í leik og starfi.

Í Álfheimum er dagarnir yfirleitt með svipuðu sniði sem svo er hægt að breyta eftir þörfum.

7:45 – 8:30	Leikskólinn opnar, frjáls leikur
8:30 – 9:00	Morgunmatur
9:00-11:30/12:00	Hópastarf þar sem barnahópnum er skipt í minni hópa meðal annars í frjálsum leik úti eða inni, myndlist, tónlist, hreyfingu í sal, byggingaleikir, sögustund, útikennsla, skógarferð eða hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur þann daginn.
11:30/12:00-13:00	Hádegismatur og hvíld
13:00-15:00	Hópastarf þar sem barnahópnum er skipt í minni hópa meðal annars í frjálsum leik úti eða inni, myndlist, tónlist, hreyfingu í sal, kubbatímum, sögustund, skógarferð eða hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur.
14:15-15:30	Nónhressing
15:30-16:15	Söngstund, spil, frjáls rólegur leikur úti /inn. Börnin fara heim.
16:15-16:30	Allar deildir leikskólans sameinast á eina deild – frjáls leikur/börnin fara heim.

Leikskólanám er samþætt nám. Í gegnum daglegar athafnir í leikskólanum læra börnin allan tímann við mismunandi aðstæður. Kennarar vinna að námsmarkmiðum leikskólans í öllu daglegu starfi. Umhyggja og nálægð leikskólakennarans í leik og starfi gefur dvöl barnsins í leikskólanum meira og dýpra gildi.

Nám í leikskóla er samþætt nám þar sem börnin læra best í gegnum leikinn.

## 2.4. Námsumhverfið

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærsumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla því leiksólabörn læra bæði úti og inni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Námsumhverfi leikskólans Álfheima er fjölbreytt og nær langt út fyrir skólalóðina, er allt nærsumhverfi leikskólans. Börn, foreldrar og starfsmenn eiga að fá tækifæri til að koma að skipulagningu námsumhverfisins.



Skapað er fjölbreytt námsumhverfi svo hægt sé að koma til móts við ólíkar þarfir barna. Inni geta börnin notið sín í litlum og stórum hópum. Leikefni og efniviður þarf að hæfa aldri og þroska barna á hverri deild. Það skal vera vandað og börn og kennarar hafa greiðan aðgang að því. Efnivið skal yfirfara reglulega og henda því sem er ónýtt og bæta

við nýjum í staðinn.

Leikskólagarðurinn er skipulagður með það í huga að börnin hafi tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar. Nóg er af náttúrulegum efnivið sem fær börnin til að efla ímyndunarafl og sköpunarkraft. Umhverfi er fjölbreytt og eflir kraft og þor barnanna. Nærsumhverfi leikskólans er mikið nýtt í vettvangs- og skógarferðum og einnig er stutt í íþróttasvæði.



Starfsfólk gengur snyrtilega um og sýnir góða fyrirmynd í umgengni um öll svæði leikskólans.

## 2.5. Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Í Álfheimum eru allir jafnir og einelti og fordómar eru ekki liðnir. Við berum virðingu fyrir hvert öðru og fyrir fjölbreytileika í lífinu svo sem ólíkri menningu, kyni og mismunandi skoðunum. Það gerum við meðal annars með því að fræðast um þau menningarsamfélög sem að leikskólanum koma. Við virðum skoðanir og

áhuga allra og leggjum áherslu á að allir fái að njóta sín. Til að meta líðan barnanna eru foreldraviðtöl og einnig eru gerðar broskallakannanir.

Í leikskólanum eru settar reglur á lýðræðislegan hátt. Allir vinna eftir þeim reglum þó ekki séu allir sammála. Við hlustum á öll börn og þarfir þeirra og tökum tillit til skoðana þeirra og tökum sameiginlegar ákvarðanir. Börnin taka þátt í umhverfisnefnd leikskólans og hafa þannig tækifæri til að hafa áhrif. Börnin velja sér verkefni út frá eigin áhuga þannig fá allir tækifæri til að njóta sín.



Könnunaraðferðin er notuð í þemavinnu en þar hafa öll börnin tækifæri til að koma sínum hugmyndum og hugsunum á framfæri. Við gætum þess að spyrja opinna spurninga sem fær börnin til að svara á fjölbreyttan hátt.

Leikskólinn stuðlar að öflugum samstarfi við foreldra þar sem allir hafa tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri.

Gleði og jákvæðni er í fyrirrúmi þar sem við sýnum öllum umhyggju, sýnum samkennd og tillitssemi. Í Álfheimum störfum við eftir samskiptareglum Álfheima.

### **3. Samþætt og skapandi leikskólastarf**

Námssvið leikskólans eru:

- Læsi og samskipti
- heilbrigði og vellíðan
- sjálfbærni og vísindi
- sköpun og menning

#### **3.1 Læsi og samskipti**

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra og nota ýmsar leiðir til að tjá sig. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Í Álfheimum fær hvert barn að njóta sín og borin er virðing fyrir lífsgildum, venjum og hefðum sem ríkja í leikskólanum og samfélaginu. Við berum umhyggju fyrir hvert öðru og sýnum samkennd. Hlutverk kennarans er að bera umhyggju

fyrir líðan, þroska og námi barna auk þess að kenna þeim að bera virðingu fyrir hvert öðru. Með því að lesa bækur og halda uppi samræðum um ólíka menningaheima eflum við einnig víðsýni barnanna. Lögð er áhersla á umburðarlyndi gagnvart öðrum einstaklingum, ólíkum skoðunum, ólíkri menningu og reynslu.

Góð samskipti fást með þolinmæði, áhuga, virðingu, vináttu og trausti og á þessa þætti leggja kennarar og starfsfólk áherslu í starfi leikskólans. Haldið er upp á tyllidaga eins þorrablót, bóndadag, Dag íslenskrar tungu, Dag umhverfisins og svo framvegis. Við leggjum áherslu á virka hlustun, tjáningu og vináttu, vekjum áhuga hjá börnunum og spyrjum og svörum spurningum. Hægt er að afla sér upplýsinga á fjölbreyttan hátt og nýta óteljandi möguleika á að setja fram hugmyndir sínar. Könnunaraðferðin er aðferð sem meðal annars er notuð til að afla sér þekkingar í Álfheimum.



Málörvun fer fram í öllu starfi leikskólans meðal annars með söng, lestri, hlustun, framkomu og tjáningu sem oftast en ekki fer fram í samverustundum ýmist í litlum eða stærri hópum. Sagðar eru sögur og ævintýri og farið með rím í formi kvæða og þula.

Öll börn eiga að hafa tækifæri til að öðlast skilning á því að ritað mál og tákn hafi merkingu og það er meðal annars gert með því að nota tákn með tali í samskiptum, skipulag er myndrænt og sýnilegt sem og ritað mál.

Með ART-þjálfun læra börnin að þekkja tilfinningar sínar og hafa stjórn á þeim. Starfsfólk heldur uppi aga með umburðarlyndi, skilningi og staðfestu.

Lögð er áhersla á að nýta mannauðinn þannig að hver einstaklingur hvort sem um er að ræða börn eða kennarar fái að nýta styrkleika sína.

### **3.2 Heilbrigði og vellíðan**

Í leikskólanum þarf að flétta saman þrjú atriði til að barn geti tamið sér heilbrigðan lífstíl og leiðir til farsæls lífs. Þessi atriði eru skólaumhverfi, skipulagt nám og samstarf við fjölskyldu og nærsamfélag (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013).

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Velferð barna skiptir miklu máli. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og

andlegri vellíðan barna. Umhyggja, hlýja, virðing og gleði skipa stóran sess í starfi Álfheima, því er mikilvægt að kennarar myndi góð og náin tengsl við börnin.

Holl næring er undirstaða vellíðunar. Nær allur matur er matreiddur frá grunni í Álfheimum. Börnin taka þátt í daglegum verkum tengdum matmálstímum.



Hreyfing er undirstaða alls þroska. Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í öllu starfi eru börn að þjálfa líkama sinn og skynjun með hreyfingu. Hreyfing hefur áhrif á heilsu, snerpu og þol, sjálfstraust og vellíðan. Virkni barna í leik kemur ekki síst fram í ríkri hreyfiþörf þeirra.

Hvíld er ein af frumþörfum mannsins. Börn þurfa að endurhlaða líkama sinn og sál með slökun og hvíld af og til yfir daginn. Hvíldartímar í hádegi eru skipulagðir eftir þörfum barnanna hverju sinni. Tryggja þarf öllum börnum hlé yfir daginn.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, til að mynda hvort það hefur trú á eigin getu og hæfni. Þegar frumþörfum barns er fullnægt hefur það tækifæri til að sýna áhuga, vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni.

### 3.3. Sjálfbærni og vísindi

Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir.



Þau eru spurð spurninga sem m.a. er ætlað að vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Í Álfheimum er áhersla á flokkun og endurnýtingu fjölbreytts

efniviðar.

Einn af höfuðþáttum í starfi Álfheima er útileikur. Hver hópur fer í skógarferð



einu sinni í viku og dvelur þar í lengri eða skemmri tíma. Börnin fá tækifæri til að upplifa og njóta fjölbreytileika náttúrunnar og auka þannig umhverfisvitund sína með menntun og verkefnum bæði innan og utan leikskólans. Í skógarferðum kynnast börnin lífverum og lífsháttum þeirra. Þau læra um rými, fjarlægðir og áttir. Fylgst er með hringrásum svo sem

árstíðabreytingum og fyrirbærum í náttúrunni, stærðfræðilegum viðfangsefnum svo sem mynstrum, formum, tölum og táknum.

Farið er í vettvangsferðir þar sem börnin kynnast náttúrunni og nærumhverfi sínu. Að vera læs á nærumhverfið er hluti af útinámi. Börnin kynnast nærsamfélaginu gegnum verkefnavinnu svo sem samvera með eldri borgurum, með heimsóknum til einstaklinga og fyrirtækja. Friðland og Engi er hluti af leikskólalóðinni.

### 3.4. Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2011).



Sköpun fléttast inn í öll námsvið leikskólans þar sem börnin fá í leiknum að vinna á fjölbreyttan hátt með efnivið og verkfæri sem þau ýmist finna sjálf, hafa aðgang að eða fá í hendur. Hugmyndir barnanna eiga að ráða för og um leið eru þau hvött til að sýna frumkvæði. Jafnframt er unnið að uppbyggilegum og lýðræðislegum samskiptum. Í slíku ferli læra börnin að það er í

lagi að gera mistök og það má endurtaka. Með þessu erum við að stuðla að sterkari sjálfsmynd og sjálfsþekkingu.

Í Álfheimum hafa þróast ýmsar hefðir í gegnum tíðina sem eru mikilvægur þáttur í menningu leikskólans. Hefðir skapast af samspili þjóðmenningar, gleði, tónlistar, myndsköpunar og leikrænnar tjáningar, innan og utan leikskólans í samstarfi við ýmsa aðila í nærumhverfinu.

#### 4. Mat á námi og velferð barna

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna.



Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011 bls)

Mat er gert til að efla hvert barn. Mat þarf að vera einstaklingsmiðað og unnið með fjölbreyttum aðferðum þar sem styrkleikar

barnsins koma fram.



Matstæki: Dagleg skráning á leik og starfi, Ferilmappa fyrir hvert barn, Orðaskil, TRAS, Hljóm-2, auk annarra matstækja eftir þörfum.

## 5. Fjölskyldan og leikskólinn

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011)

Foreldrasamstarf eins og allt samstarf þarf að fela í sér gagnkvæman skilning, samvinnu og virðingu af beggja hálfu.

Í Álfheimum er samstarf við foreldra fléttað inn í allt starf leikskólans. Í upphafi leikskólagöngu barnsins er lögð áhersla á gott upplýsingaflæði milli foreldra og leikskólans og er öllum nýjum foreldrum boðið á kynningarfund áður en aðlögun hefst.

Lögð er áhersla taka vel á móti hverjum og einum. Auk þess eru dagleg samskipti einn mikilvægasti hlekkurinn milli fjölskyldu og leikskólans þar sem við skiptumst á upplýsingum um barnið. Það er því nauðsynlegt að foreldrar hitti kennara barnsins reglulega.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann að fylgjast með og taka þátt í starfinu, einnig eru foreldradagar reglulega til dæmis með þátttöku á vorhátíð og skógarferðum.

Í Álfheimum er leitast við að koma upplýsingum til foreldra á sem fjölbreyttastan hátt til dæmis með tölvupósti, Völuappi og auglýsingum á töflum.

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári, eitt fyrir áramót og annað þegar líður að vori. Foreldrafundir eru haldnir að hausti með hverri deild fyrir sig þar sem vetrarstarfið er kynnt.

Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi við Álfheima. Í Foreldraráði eru 3 fulltrúar foreldra. Í stjórn foreldrafélagsins eru tveir fulltrúar af hverri deild.

## 6. Tengsl skólastiga

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi.



Til að flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla verði farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnst umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).



Markmið með tengslum á milli skólastiga eru til að mýkja það stökk sem oft vill verða þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla í þeim tilgangi að skapa traust, virðingu og að hlustað sé á alla aðila sem að barninu koma.

Samráðsteymi leik- og grunnskóla heldur samráðsfundi og skipuleggur uppákomur og heimsóknir jafnt og þétt yfir veturinn til að skapa samfellu milli skólastiganna. Grunnskólabörn koma í heimsóknir tvisvar á hausti. Leikskólabörn byrja svo eftir áramót að kynnst skólanum með reglulegum heimsóknum í skólann og frístund.

Börnin fara í vorskóla þrisvar sinnum; einu sinni með foreldrum og tvisvar með leikskólakennurum. Skólaskilsblöð eru fyllt út fyrir öll börn og skilafundir á milli skólastiga eru á hverju vori.

Í Gullunum í grenndinni hittast börnin þvert á skólastig einu sinni í mánuði og vinna verkefni saman í skóginum

## 7. Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).



Innra mat fer fram á marga vegu. Starfsmannasamtöl þar sem allir starfsmenn leikskólans hafa tækifæri til að meta sitt starf og leikskólans í samræðum við leikskólastjóra.

Með ýmisskonar skráningum til dæmis þar sem við skráum niður leik barnanna. Skráningarnar eru svo nýttar til að meta starf kennaranna. Sýnilegar skráningar hvort sem er teikningar, ljósmyndir eða skriflegar auðvelda einnig foreldrum að meta starf leikskólans. Elstu börn leikskólans meta leikskólastarfið með broskallamati.

Starf leikskólans er metið í heild að vori og einnig er annað hvert ár gerður matslisti fyrir Grænfánaumsókn. Mánaðarlega metur hver deild sitt starf á deildarfundum. Tvisvar sinnum á ári eru foreldraviðtöl þar sem starfið er metið út frá sjónarhorni foreldra og einnig fá foreldrar senda spurningalista um leikskólastarfið. Að loknu mati er gerð umbótaáætlun og ný matsviðmið sett á laggirnar.

## 8. Stoðþjónusta

Í lögum um leikskóla 21. gr. segir að á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Í lögum um leikskóla segir einnig að börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans.



Leiðarljós skólaþjónustu Árborgar:

Sérfræðiþjónusta skóla skal þjóna fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks (Sveitarfélagið Árborg, fræðsluvið, 2013).

Stoðþjónustan í Álfheimum á að einkennast af lausnarleit kennara, foreldra og sérfræðinga.

Stuðla skal að því að hvert barn fái notið sín og að leikskólakennarar séu leiðandi

samverkamenn barna, foreldra og annara starfsmanna leikskólans.

## 9. Hagnýtar upplýsingar

### Dvalartími

Leikskólinn er opinn frá kl: 7:45-16:15 alla virka daga. Foreldrar undirrita dvalarsamning um tíma barns í leikskólanum. Breytingar á dvalartíma þurfa foreldrar að sækja um á Völu leikskólakerfi eða til leikskólastjóra en reynt er eins og kostur er að koma til móts við þarfir foreldra. Lögð er áhersla á að dvalartími

barna sé virtur og þau dvelji ekki lengur í leikskólanum en umsaminn tími gefur til kynna nema um annað hafi verið samið tímabundið.

### Trúnaður

Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um alla þá vitneskju sem það fær í starfi um málefni barna og foreldra. Þagnarskyldan helst þó starfsmenn láti af störfum.

Foreldrar eru beðnir að sýna öðrum foreldrum og börnum þann trúnað að ræða ekki málefni þeirra fyrir utan leikskólann. Gagnkvæmur trúnaður er mikilvægur öllum börnum og foreldrum og eykur traust innan leikskólans.

Myndir sem foreldrar taka á viðburðum leikskólans, á ekki að birta á samfélagsmiðlum, heldur vera til einkanota.

### **10. Starfsskýrsla**

Starfsskýrsla er unnin fyrir hvert skólaár og nær frá 1. ágúst – 31. júlí ár hvert.

Í starfsskýrslu er fjallað um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald leikskólans – faglegt starf, tölulegar upplýsingar um fjölda og samsetningu barnahópsins og starfsmannahald. Í starfsskýrslu er gerð grein fyrir verkefnum, sem leikskólinn hefur ákveðið að vinna að, skipulagningu og áherslum í foreldrasamstarfi og tengslum við samstarfsaðila svo sem leik- og grunnskóla og skólapijónustu Árborgar.

Í starfsskýrslu eiga að koma fram upplýsingar um innra og ytra mat síðasta skólaárs og umbótaáætlun, sem byggir á niðurstöðum úr því mati sem unnið var.

## **11. Heimildaskrá**

Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013)  
*Heilbrigði og velferð. Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum.*  
Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011.*  
Reykjavík: Höfundur.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja. Ákall til 21. aldar.*  
Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.

Sveitarfélagið Árborg, fræðslusvið. (2013). *Skólastefna Árborgar 2013-2016.*  
Árborg: Höfundur.